



Mikil fjölgun gistinguáttanna í janúar en blikur eru á lofti

Gistinguáttur á hótélum hér á landi námu 292 þúsund og fjölgaði þeim um 7,2% frá sama mánuði í fyrra. Þetta er mesta fjölgun gistinguáttanna á hótélum síðan í október árið 2018.


Asiúbúar og Íslendingar á bak við fjölgunina í janúar

Það sem helst skýrir fjölgunina er fjölgun gistinguáttanna Asiúbúa og Íslendinga. Framlag Asiúbúa til fjölgunarinnar var 6,2 prósentustig en Íslendinga 2,4 prósentustig. Ef ekki hefði mælst fjölgun hjá þessum hópum hefði heildarfjöldi gistinguáttanna dregist saman um 1,5%. Það sem helst dró niður fjölgun gistinguáttanna á síðasta ári var fækkun gistinguáttanna Norður-Ameríkubúa um tæplega 13 þúsund gistinguáttur eða sem nemur 10,2% miðað við fyrra ár. Það skýrist síðan aftur af mun meiri hlutfallslegri fækkun í komum þeirra hingað til lands en fækkun Evrópubúa. Sú þróun skýrist síðan aftur af því að hlutdeild WOW air í flugi til og frá Norður-Ameríku var mun meiri en hlutdeild í flugi til og frá Evrópu. Brotthvarf WOW air skildi því eftir sig mun meira skarð Norður-Ameríkumegin. Neikvætt framlag Norður-Ameríku til heildarfjölgunar gistinguáttanna lá á bilinu -5,7-0 prósentustig á síðasta ári en það var neikvætt um 2,6 prósentustig í janúar.


Framlag Asíu til vaxtarins óvenjumikið

Áhrif Asiúbúa eru nú töluvert meiri en þau hafa verið að undanförunu. Framlag ferðamanna frá Asíu til heildarfjölgunar gistinguáttanna lá á bilinu -1,7 til 2,2 prósentustig á síðasta ári. Alls fjölgaði gistinguáttum Asiúbúa um ríflega helming í janúar miðað við sama mánuð árið áður eða 51,1%. Þá fjölgun má fyrst og fremst skýra með fjölgun gistinguáttanna Kínverja en þeim fjölgaði um tæplega 29.500 milli ára eða 70,7%. Heildarfjölgun gistinguáttanna Asiúbúa nam tæplega 34 þúsund og því skýrir fjölgun Kínverja um 87% af fjölgun gistinguáttanna Asiúbúa. Reyndar skýrir fjölgun gistinguáttanna Kínverja um 76% af heildarfjölgun gistinguáttanna bæði erlendra ferðamanna og Íslendinga.

% Fjölgun gistinguáttanna og framlag eftir svæðum



Fjölgun gistinguáttanna Asiúbúa og framlag eftir löndum





Skammgóður vermir?

Þetta kann þó að vera skammgóður vermir fyrir hótélgeirann því verulega hefur dregið úr utanlandsferðum Kínverja í kjölfar útbreiðslu Covid-19 kórónaveirunnar. Því er líklegt að gistináttatölurnar fyrir febrúar verði ekki eins góðar og í janúar. Jafnframt hefur áformum um beint flug Juneyao flugfélagsins til Íslands á þessu ári með viðkomu í Helsinki verið slegið á frest og því frekar útlit fyrir fækkun í komum Kínverja til landsins í ár í stað verulegrar fjölgunar eins og útlit var fyrir í upphafi árs.


Óvenjumikil fjölgun gistinátta Íslendinga

Framlag Íslendinga til vaxtarins að þessu sinni er einnig óvenjumikið því um þriðjung fjölgunarinnar má rekja til þeirra. Gistinóttum Íslendinga hefur verið að fjölga á síðustu mánuðum á 12 mánaða grundvelli. Fjölgun gistinátta í janúar var hins vegar margfalt meiri en verið hefur upp á síðkastið. Þannig mældist 27,5% fjölgun gistinátta í janúar en á tímabilinu ágúst-desember á síðasta ári lá fjölgunin á bilinu 0,8-9,8%. Fara þarf aftur til júní 2018 til að finna meiri hlutfallslega fjölgun en núna í janúar. Þessi fjölgun gistinátta nú skýrist fyrst og fremst af mikilli fjölgun gistinátta á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu nam tæplega 5.900 gistinóttum en til samanburðar nam heildarfjölgun gistinátta yfir landið í heild rúmlega 6.500 og skýrir fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu því langmestan hluti af heildarfjölguninni. Hlutfallsleg fjölgun á höfuðborgarsvæðinu nam 57% og 73% á Suðurnesjum.


Herbergjanýtingin í höfuðborginni batnar milli ára

Þessi mikla aukning á gistinóttum í höfuðborginni í janúar leiddi til þess að herbergjanýting batnaði milli ára í fyrsta sinn síðan í maí á síðasta ári. Herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu var 66,5% nú í janúar borið saman við 66,2% í sama mánuði í fyrra. Herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu hefur nánast alltaf farið versnandi milli ára sé litið til síðustu missera. Svipaða sögu má segja af herbergjanýtingu á öðrum svæðum landsins en öfugt við höfuðborgarsvæðið var herbergjanýting nú í janúar lægri á öllum öðrum svæðum landsins. Hótel hér á landi hafa brugðist við minnkandi nýtingu með því að lækka verðið í evrum talið. Sem dæmi hefur verðlækkun á hótélum í Reykjavík í

Hagsjá



Breyting frá sama mánuði árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



evrum legið á bilinu 7,7-17,2% á 12 mánaða grundvelli allt frá því í maí á síðasta ári.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.



Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.